

1864.

4. marz.

getið, hefir stungið upp á, að lyfsalinn á Akureyri einnig fái að tiltölu nokkurn hluta af þeim 50 rdl., sem veittir eru fyrir úthlutun fátækralyfja, og sem lyfsalinn í Reykjavík nú fær, þá þykir stjórnarráðinu réttast, að ekkert sé ákveðið um þetta atriði að svo komnu.

7. marz.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nokkur atriði í opnu bréfi 26. september 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík.

Með bréfi 27. októberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað aptur álitsskjal það, er stjórnarráðið áður hafið beðið um frá bæjarstjórninni og bæjarfógetanum í Reykjavík um þær spurningar, er nú skal greina, viðvíkjandi því, hvernig skilja eigi 1. grein í opnu bréfi 26. septembermánaðar 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík:

1. Hvort það gjald, sem í einstöku tilfellum, áður en opið bréf 26. sept. 1860 kom út, var greitt af nokkrum lóðarhluta einstakra tómthúsa samkvæmt samningi við bæjarstjórnina, eigi ekki að dragast frá í gjaldi því, sem eptir lagaboði þessu verður lagt á tómthúslóðina, þannig, að bæði lóðargjöldin samanlögð aldrei yfirstigi hið hæsta lóðargjald, sem eptir lagaboðinu verður lagt á tómthúslóð?
2. Hvort bæjarstjórnin, ef hún veitir tómthúsmanni viðbót við lóð þá, er hann hafið þá er greint lagaboð kom út, og sem hann eptir lagaboði þessu svarar hinu hæsta lóðargjaldi af, eður 16 álnum á ári, eigi rétt á að hækka enn lóðargjaldið, án tillits til þess, að gjaldið af tómthúslóðinni á þann hátt fer fram úr því hæsta lóðargjaldi, sem ákveðið er í lagaboðinu?

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörði það:

Um 1. spurn.: Þessari spurningu virðist eiga að svara með jáyrði; og þarsem þér, herra stiptamtmaður, hafið talið vafasamt,

1864.

7. marz.

hvort þau tómthús, sem greitt var lóðargjald af til bæjarins, þá er lagaboðið kom út, eigi ekki yfir höfuð að vera undan þegin frá að gjalda annan lóðarskatt, vegna þess að í 1. grein í lagaboðinu standa þessi orð: „tómthús sem eigi hefir hingaðtil verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda“, þá skal þess getið, að eptir því, er fram fór í málinu áður en lagaboðið kom út, virðist enginn efi vera á því, að með orðinu „lóðareiganda“ hefir aðeins verið átt við einstaka menn, er eiga lóðir, með því gjört var ráð fyrir, að af tómthúsunum á lóð bæjarins hafi ekki verið svarað neinu lóðargjaldi til bæjarsjóðsins. Annars er vitaskuld, að leita má úrlausnar dómstólanna um, hvernig skilja eigi lagaboð þetta.

Um 2. spurn. Hærra lóðargjald en það, sem hæst er ákveðið í 1. grein lagaboðsins, en það eru 16 álnir, verður aldrei lagt á neina lóð, nema svo sé, að hlutaðeigandi sjálfur undirgangist að greiða viðbót við gjald þetta, sem skilyrði fyrir því, að hann fái viðauka við lóð þá, er hann hefir.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að gefa út rit um skattana á Íslandi.

7. marz.

Með bréfi 23. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Jóni landsyfírréttardómara Péturssyni um 200 til 300 ríkisdala styrk úr almennum sjóði til að gefa út rit á íslenzku um skattana á Íslandi. Um þetta efni skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni landsyfírréttardómara Péturssyni, að þegar búið er að senda hingað handritið til bókarinnar, með álitum yðar um ritið, þá mun verða gjör yfirvegað, hvort nokkur styrkur verði veittur til að gefa það út.